

Minnisblað

Til: Efnahags- og skattanefndar Alþingis

Frá: Arion banka hf.

Dags.: 29. nóvember 2010

Efni: Minnisblað um stöðuna við kröfuhafaskipti að láni samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl. (pskj. 225 – mál nr. 206)

I. Inngangur

Á sameiginlegum fundi efnahags- og skattanefndar og viðskiptanefndar Alþingis óskaði Eygló Harðardóttir alþingismaður eftir því að Arion banki hf. setti saman minnisblað um kröfuhafaskipti í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu o.fl. Í þessum minnisblaði er fjallað um það atriði.

Arion banki telur að í framangreindu lagafrumvarpi sé ekki nægilega skýrt kveðið á um það hver réttarstaða hvers kröfuhafa (eða skuldara) er þegar *kröfuhafaskipti* hafa verið að láni sem fellur undir gildisvið frumvarpsins. Bankinn telur nauðsynlegt að kveðið sé um það í frumvarpinu á hvaða kröfuhafa þær skyldur, sem mælt er fyrir um í frumvarpinu, hvíli, s.s. skylda til að endurútreikna lán og tilkynna skuldara um slíkt, og eftir atvikum endurgreiða ofgreiðslur til skuldara. Jafnframt telur bankinn nauðsynlegt að kveðið sé um að sá kröfuhafi, sem greiði skuldara ofgreiðslur vegna láns, eigi skýran endurkröfurétt á hvern fyrri kröfuhafa láns, vegna þeirra ofgreiðslna sem hver þeirra tók. Varðandi það telur bankinn að tryggja verði að fyrri kröfuhafar standi núverandi kröfuhafa skil á þeim greiðslum sem hann hefur þurft að standa skil á gagnvart skuldara.

Bankinn telur að taka þurfi á ofangreindum atriðum í frumvarpinu til að tryggja að innbyrðis deilur milli kröfuhafa eða milli kröfuhafa og skuldara leiði ekki til þess að endurútreikningur, og eftir atvikum endurgreiðsla kröfuhafa til skuldara, tefjist.

II. Nánar um umfjöllun frumvarpsins um kröfuhafaskipti (eða skort þar á)

Samkvæmt 1. málsli. 5. tölul. 2. gr. frumvarpsins skal *kröfuhafi* endurgreiða skuldara þá fjárhæð sem hann hefur ranglega af honum haft vegna ólögðmætra vaxta og/eða verðtryggingar. Í lagafrumvarpinu eru ákvæði sem taka á því þegar um fleiri en einn *skuldara* er að ræða, s.s. 8. mgr. 2. gr., þar sem segir að þegar um *skuldaraskipti* hafi orðið af lánasamningi (skuldabréfi) þar sem um ólögðmæta vexti og/eða verðtryggingu er að ræða, skuli *hver skuldari* eiga sjálfstæðan rétt gagnvart kröfuhafa til leiðréttingar á greiðslum sem þeir inntu af hendi vegna lánsins; í málsgreininni segir ennfremur að réttindi og skyldur hvers og eins aðila skuli miðast við þann tíma sem viðkomandi var skuldari lánssamningsins; og 10. mgr. 2. gr., þar sem kveðið er á um hvernig skuli farið með greiðslur þegar ágreiningur er milli *skuldara* innbyrðis.

Aftur á móti er *ekki* tekið á því með svipuðum hætti í lagafrumvarpinu þegar *kröfuhafaskipti* hafa orðið að láni. Auk þess virðist ekkert tekið á þessu með skýrum hætti í athugasemdum með frumvarpinu, þ.e. hvort tilvísun tii kröfuhafa í lagafrumvarpinu sé tilvísun til hvers kröfuhafa láns eða aðeins til eins



þeirra, þ.e. þess sem á lánið nú. Bankanum sýnist af t.d. uppgjörsákvæðum 2. gr. að tilvísanir frumvarpsins til kröfuhafa séu tilvísanir til eins og sama kröfuhafans, þ.e. núverandi kröfuhafa láns. Því hvíli sú skylda á þeim kröfuhafa að endurreikna lán skuldara og eftir atvikum endurgreiða honum ef um ofgreiðslur er að ræða, en þetta er þó ekki skýrt. Í lagafrumvarpinu virðist þó ekkert fjallað um endurkröfurétt þess kröfuhafa á hendur öðrum fyrri kröfuhöfum, sem er bagalegt m.v. þá miklu hagsmuni sem um er teflt í málinu.

III. Staða Arion banka

Arion banki eignaðist stærstan hluta af kröfum sínum sem falla undir gildissvið lagafrumvarpsins / janúar 2010 (sem hluta af greiðslu eiginfjárframlags Kaupþings banka til Arion banka). Þrátt fyrir þetta tók Arion banki við greiðslum vegna ofangreindra lána frá stofnun bankans. Allt fram til janúar 2010 ráðstafaði Arion banki slíkum greiðslum til Kaupþings banka sem kröfuhafa lánanna. Þar sem Arion banki fékk umræddar kröfur framseldar svo seint til sín, og veiking íslensku krónunnar var að miklu leyti komin fram áður en bankinn tók við kröfunum, má leiða að því líkum að stór hluti af „ofgreiðslum“ skuldara þessara lána hafi verið gerðar áður en Arion banki fékk kröfurnar framseldar til sín.

Vegna þess hafa skuldarar þessara lána (og þar með Arion banki, sem viðskiptabanki þeirra) sérstaka hagsmuni af því að skýrt sé kveðið á um það í frumvarpinu hvert skuldarar eigi að leita varðandi endurútreikning / endurgreiðslur og að þeir fái skjóta úrlausn sinna mála.

IV. Tillaga til lausnar

Bankinn leggur til að bætt verði við 2. gr. lagafrumvarpsins ákvæði sem kveði á um það að þær skyldur, sem settar eru á herðar kröfuhafa í frumvarpinu, hvíli á *núverandi kröfuhafa láns*. Ennfremur að sá kröfuhafi eigi *skýran endurkröfurétt* á hendur hverjum fyrri kröfuhöfum láns vegna þeirra ofgreiðslna sem hver þeirra tók á móti vegna lánsins og að tryggt verði að fyrri kröfuhafi standi skil á greiðslum gagnvart núverandi kröfuhafa, jafnvel þó bú fyrri kröfuhafa hafi verið tekið til slitameðferðar. Með þessu móti er reynt að tryggja að núverandi kröfuhafi fái endurgreiddar þær greiðslur sem hann hefur þurft að inna af hendi til skuldara.

Bankinn telur mjög mikilvægt að kveðið verði á um framangreint í frumvarpinu, þannig að tryggt verði að frumvarpið nái markmiði sínu og uppgjör þeirra lána, sem falla undir gildissvið frumvarpsins, gangi snurðulaust fyrir sig. Að öðrum kosti er hætt við að uppgjör kröfuhafa við skuldara verði látið bíða eftir að núverandi kröfuhafi og fyrri kröfuhafi láns leysi ágreining sín á milli.